

Aðalfundargerð 2025
Lóðafélagsins Móhelli 4, A-E
Miðvikudaginn 12. mars 2024 kl. 17:00

Haldinn í sal Kænunnar við Óseyrarbraut, Hafnarfirði.

1. Fundur settur

Formaður Jón Trausti Guðjónsson setti fundinn kl. 17:06 og lagði til að Ríkey Jóna Eiríksdóttir frá JCI yrði fundarstjóri og Margrét Helga Gunnarsdóttir fundarritari, var það samþykkt. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og hann því lögmætur, sjá fundarboð í fskj. 1.1. Mætingalisti var látinn ganga til undirritunar viðstaddra, sjá fskj. 1.2. Mætt var fyrir 31 bil af 201 eignahlutum hússins.

2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.

Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir atburði síðasta árs sjá fskj. 2.1 og svaraði spurningum. Spurt var um sandföng í lögnina, af hverju var það ekki sett í þessum framkvæmdum með lögnina. Vísað til stjórnar að ræða við verktaka varðandi þessi mál.

3. Framlagning ársreikninga til umræðna og samþykktar

Lagður var fram ársreikningur 2024 og farið yfir niðurstöður hans, sjá fskj. 3.1. Niðurstaða rekstrar ársins var jákvætt um **kr. 851.705.- og eigið fé í árslok jákvætt um kr. 1.889.481.-** Ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Ábending barst úr skal að það væri gott að bæta við fyrri árum fyrir samanburð í skýringunum við ársreikninginn eins og er í rekstrar og efnahagsreikningi. Vísað til stjórnar að biðja bókarann að bæta því við í næsta ársreikning.

4. Kosning formanns

Jón Trausti Guðjónsson gaf kost á sér áfram til formennsku félagsins. Ekki buðu fleiri sig fram og var Jón Trausti kjörinn formaður félagsins með lófataki.

5. Kosning tveggja stjórnarmanna

Kallað var eftir tilnefningum. Árni G Sigurðsson og Kristján Albertsson buðu sig fram sem stjórnarmenn og voru þeir kjörnir samhljóða.

6. Kosning tveggja varamanna

Kallað var eftir tilnefningum. Baldur Vilhjálmsson og Friðbjörn Georgsson buðu sig fram sem meðstjórnendur og voru þeir kjörnir samhljóða.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga

Haukur Geir Garðarsson og Guðmundur Guðmundsson buðu sig fram sem skoðunarmenn og voru þeir samþykktir samhljóða.

8. Rekstraráætlun fyrir næsta ár til umræðu og samþykktar

Rekstraráætlun, sjá fskj. 8.1 lögð fram, útskýrð og rædd. Vísað til stjórnar að hafa raunkostnað frá fyrra ári til hliðar í rekstraráætlun. Rekstraráætlun fyrir árið 2024 hljóðar upp á kr. **23.094.000.-**. Samþykkt samhljóða.

9. Framkvæmdaáætlun fyrir næsta ár til umræðu

Jón Trausti kom upp og kynnti framkvæmdaáætlun. sjá fskj 9.1.

Kaldavatnslögn fór í sundur og var lagfærð. Jón trausti lagði til að eigendur fylgist vel með leka sérstaklega hjá geymslum sem snúa í vestur.

Lagt er til að farið verði í að tengja niðurföllin saman og upphæðin verður kostnaður um 60 þúsper bil og mætti greiða í þrennu lagi td. ág. sept. nóv. Þá er samtals kostnaður per bil um 175.000 kr.

Tillaga til samþykktar:

Fundurinn samþykkir að fela stjórninni að semja um áframhald á uppbyggingu jarðvegslagna á grundvelli tilboðs frá GÓ. Kostnaður er um 60 þús. per bil og mætti greiða í þrennu lagi td. ág. sept. nóv.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Framkvæmdaáætlunin var lögð til samþykktar fyrir fundinn. Samþykkt samhljóða.

10. Ákvörðun húsgjalda fyrir komandi ár

Lagt var til að hús- og framkvæmdasjóðsgjöld verði hækkuð úr 8000 kr í 10.000 kr frá og með næsta mánuði. Rökin fyrir hækkun eru hækkandi rafmagns og hitakostnaður. Samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

- Spurt var út í fjarstýringuna, af hverju var skipt úr plastkortum í fjarstýringu. Svarið er að kortin endast illa en þau virka öll enn þá.
- Spurt var um opnun á svæðinu. Almennt opið frá 8:00 á morgnana til 20:00 á kvöldin en meðan framkvæmdir eru í gangi er opið allan sólarhringinn.
- Útiljósín á C húsinu voru ekki komin á. Svarað að klukkan væri orðin gömul og það þyrfti að lagfæra ljósín á húsinu og fá birtuskynjara/sólúr.
- Spurt var um girðinguna. Árni hefur verið að ræða við Gísla hjá GG húsgögnum að lagfæra hana en það gerist ekkert. Hugmynd var að taka þátt í kostnaði við sameiginlegt lóðarmat en þeir hafa ekki viljað það.

12. Fundargerð lesin og leiðrétt

Fundargerð lesin og send til yfirlestrar á stjórn.

13. Fundi slitið

Fundi slitið af fundarstjóra kl. 18:09

Ríkey Jóna Eiríksdóttir, fundarstjóri

Jón Trausti Guðjónsson, formaður

Margrét Helga Gunnarsdóttir, fundarritar